

## **Skammtímaþjónustustefna Áss Styrktarfélags 2008 - 2015.**

Skammtímaþjónustustefna Áss er að veita fjölskyldum fatlaðs fólks þann stuðning sem þarf til þess að allir geti verið heima svo lengi sem kostur er. Skammtímaþjónusta á að vera margbreytileg og hæfa öllum aldurshópum. Þjónustan á að stuðla að auknum lífsgæðum með eflingu sjálfstæðis og sjálfsákvörðunarréttar og undirbúa einstaklinga undir að flytja að heiman þegar að þeim tímapunkti kemur.

### **Markmið þjónustunnar er:**

- Að virða rétt einstaklingsins til sjálfstæðis ásamt því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu.
- Að koma til móts við félagsþörf og auka félagslega færni þjónustunotanda.
- Að undirbúa fólk með þroskahömlun undir að flytja að heiman í fyllingu tímans.
- Að veita þjónustu í heimahús þegar eftir því er óskað.
- Að þjónustan sé miðuð við þarfir einstaklingsins og fjölskyldunnar.

### **Fjölskyldumiðuð skammtímaþjónusta felur í sér:**

- Gæðaðþjónusta þar sem lögð er áhersla á að veita einstaklingsmiðaða þjónustu í samstarfi við aðstandendur.
- Sólarhringsþjónusta þegar óskað er eftir því.
- Þjónusta heim: felur í sér stuðning við fjölskylduna kjósi hún að fá þjónustu veitta inná heimilið.

### **Af hverju stefna í skammtímaþjónustu:**

Stefnur eru settar fram til að átta sig á því hvernig framtíðarsýn Áss er hugsuð. Ás er foreldrafélag sem berst fyrir hagsmunum fólks með þroskahömlun og leggur m.a. áherslu á að fólk hafi val um mismunandi þjónustu.

Ás styrktarfélag hefur það að markmiði að þrýsta á að aðrir þjónustuaðilar bjóði uppá skammtímaþjónustu, en slík þjónusta er nú í höndum Reykjavíkurborgar og Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra. Það er stefna Áss að beita sér fyrir nýjungum og bjóða uppá skammtímaþjónustu ef þörf er á.

Ás styrktarfélag leggur ríka áherslu á að koma til móts við þarfir fólks með þroskahömlun og aðstandenda þeirra. Skammtímaþjónusta væri ein leið til að víkka út þjónustuna og m.a flytja hana inn á heimilin. Með slíkri þjónustu gefst fötluðu fólki tækifæri til að vera lengur í heimahúsum.

### **Tímalengd og endurskoðun.**

Þessi stefna er sett fram til sjö ára. Mikilvægt er að stefnan fylgi þróun mála í samfélaginu. Endurskoða ber stefnuna minnst einu sinni á þriggja ára fresti, en oftár ef þörf er á.

### **Samþykkt.**

Með samþykkt þessarar stefnu, einsetur stjórn Áss styrktarfélags sér að vinna að framgangi hennar með öllum þeim úrræðum, sem fær þykja hverju sinni.

### **Framkvæmdaráætlun:**

- Að stjórn Áss fylgist vel með framvindu í skammtímaþjónustumálum.
- Að þrýsta á Reykjavíkurborg og Svæðisskrifstofu Reykjavíkur að veita þjónustuna.
- Að gefa fólki tækifæri til að hafa val um mismundandi þjónustu.

### **Endurskoðun:**

Endurskoðun þarf að vísa til þeirrar framtíðarsýnar sem Ás hefur í samræmi við lög og reglugerðir. Stefnan stendur til ársins 2015, en þarfnast endurskoðunar á tveggja ára fresti.